


# Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030

Miðbær Hafnar



Sveitarfélagið  
Hornafjörður



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPRÁTTUR 1:15.000



## Inngangur

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar leggur til að breyting verði gerð á gildandi aðalskipulagi sem felur í sér að miðsvæði á Höfn (M1) stækkar og Heppuvegur 5 og hluti lóðarinnar Heppuvegar 6 verða á miðsvæði í stað athafnasvæðis. Markmið með aðalskipulagsbreytingunni er að breyta landnotkun úr athafnasvæði yfir í miðsvæði fyrir Heppuveg 5 og hluta Heppuvegar 6 sem notað hefur verið sem sláturhús og starfsemi tengdri því. Með breytti landnotkun verður heimilt að hafa á lóðunum matvælaframleiðslu/iðnaðarframleiðslu, veitingasölu og listsýningar auk íbúða.

## Fyrirliggjandi stefna

Breytingin er í samræmi við stefnu sem sett er fram í gildandi aðalskipulagi um miðbæjarsvæði en þar segir að við skipulag og byggingu svæðisins skal leggja áherslu á að styrkja heildaryfirbragð byggðarinnar, fylla í bæjarmyndina svo hún verði samfelld.

Með breytingunni stækkar samfelld miðbæjarsvæði Hafnar og byggingum sem ekki þjóna lengur upphaflegum tilgangi breytt á þann hátt að það eykur fjölbreytni og styrkir menningarlíf sveitarfélagsins.

## Deiliskipulag

Heppuvegur 6 er innan deiliskipulags frá 2013 sem heitir Hafnarsvæðið við Krosssey. Heppuvegur 5 er á deiliskipulagi frá 2011 sem heitir Hafnarvík – Heppa – Höfn.

Breyting á aðalskipulaginu hefur ekki í för með sér kröfu um breytingu deiliskipulaganna og verða deiliskipulögin áfram í samræmi við aðalskipulag.

## Fornminjar

Skráning fornminja og húsa hefur ekki farið fram á öllu svæðinu sem breytingum tekur en líklegt er að þar sé að finna fornminjar.

## Breyting á aðalskipulagi

Gerð er breyting á þéttbýlisupprætti Höfn/Nesjahverfi og greinargerð aðalskipulagsins.

Á aðalskipulagsupprætti er athafnasvæðið AT1 minnkað en miðsvæðið M1 stækkað. Stækkunin nemur um 0,5 ha.

Í greinargerð kafla 15 Miðsvæði (M) bætist við eftirfarandi texti:

Við Heppuveg er gert ráð fyrir að núverandi húsnæði verði breytt og þar verði heimilt að hafa matvælaframleiðslu/iðnaðarframleiðslu, veitingasölu og listsýningar auk íbúða. Skrá skal fornminjar fyrir jarðrask og skoða varðveislugildi húsa áður en byggingar- eða framkvæmdarleyfi er gefið út.

## Umhverfisáhrif


Breyting á aðalskipulagi vegna miðsvæðis felur ekki í sér framkvæmdir sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og fellur því ekki undir lög um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006.

Breytingin mun ekki hafa í för með sér nein umhverfisáhrif umfram það sem nú er.

## Málsmeðferð og umsaqir

Aðalskipulagsbreytingin er unnin skv. skipulagslögum nr. 123/2010. Skipulagslýsingin var kynnt í júní 2021 og bárust umsagnir frá Skipulagsstofnun, Minjastofnun Íslands og HNE.

Við vinnslu aðalskipulagsbreytingarinnar hefur verið tekið tillit til umsagna eftir því sem við á.



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPRÁTTUR 1:15.000



## SAMPYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

skipulagsnefnd þann \_\_\_\_\_

og í sveitarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar þann \_\_\_\_\_

Lýsingin var auglýst frá \_\_\_\_\_ með athugasemdafresti til

Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ með athugasemdafresti til

f.h. Sveitarfélagsins Hornafjarðar

\_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_



AÐALSKIPULAG Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030



Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030  
Miðbær Hafnar  
Breyting á aðalskipulagi

VERK:	BLADSTÆRÐ:	UNNIÐ:	RÝNT:
2525-020	A3	AB	ANB
MÆLIKVARÐI:	DAGS:	DAGS.BREYTING:	
1:15.000	20.07.2021	---	

SAMPYKKTIR: